

Fundargerð háskólaráðs 7. nóvember 2017

Guðmundarstofa kl. 15.00

Málsnúmer: 1401008

Mætt: Vilhjálmur Egilsson rektor, Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu, Guðrún Björk Friðriksdóttir fulltrúi starfsmanna, Sigrún Lilja Einarsdóttir fulltrúi kennara (Skype), Unnar Steinn Bjarndal fulltrúi kennara (Skype), Hróðný Kristjánsdóttir fulltrúi meistaranema, Teitur Erlingsson fulltrúi grunnnema, Jóhannes Geir Guðnason fulltrúi grunnnema, Berglind Sunna Bragadóttir fulltrúi grunnnema og Bjarni Heiðar Halldórsson fulltrúi háskólagáttar.

Fjarverandi: Einar Svansson fulltrúi kennara

Áheyrnarfulltrúar: Íris Gunnarsdóttir áheyrnafulltrúi íbúaráðs og Hafsteinn Sæmundsson fjármálastjóri.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt.

2. Stefnumótun

Rektor þakkar viðstöddum fyrir þátttöku í stefnumótunardeginum 21. október sl. Hann kynnir stefnumótunarskjalíð 2018-2021 sem er í vinnslu, en slíkt skjal hefur verið unnið árlega. Það verður sent til fulltrúa í ráðinu þegar það er lengra komið. Í skjalinu er farið yfir bakgrunn skólans, fjármál, helstu niðurstöður úr stefnumótunarfundinum, s.s. framtíð skólans, alþjóðavæðingu, staðsetningu, staðnám vs. fjarnám, sameiningu, eða ekki, tengsl við atvinnulífið o.fl. M.a. kom fram hugmynd um að breyta nafni skólans. Á næsta ári er talið mikilvægt að skoða vel sérhæfingu skólans, efla tengsl við útskrifaða nemendur, enn frekari sérhæfingu í fjarnámi, alþjóðavæðingu o.fl.

Fram kemur hjá rektor að stjórn hafi fjallað um skjalið, en ekki talið skynsamlegt að breyta nafni skólans á þessum tímapunkti. Einnig er fjallað um hvers konar nám verði í boði, á næsta ári þ.e. þannig að ekki verði boðið sérstaklega uppá staðnám heldur nám í Háskólanum á Bifröst almennt. Varðandi sameiningu er vilji til að Háskólinn á Bifröst taki forystu í að skoða mögulegt samstarf með LbHÍ. Aðsetur skólans verði áfram á Bifröst, stjórnin er meðmælt áframhaldandi alþjóðavæðingu og styrkingu tengsla við við atvinnulífið. Rektor á eftir að ganga frá skjalinu og orðalaginu með stjórninni, en það verður gert á stjórnarfundi í lok mánaðarins.

Í skjalinu er líka farið yfir ávinninga á árinu og helstu verkefni ársins og stöðu þeirra, einnig langtíamarkmið.

Í umræðum bent á að mikilvægt sé að það komi skýrt fram gagnvart nemendum í staðnámi hvers konar nám er verið að bjóða uppá.

3. Fjármál og rekstraráætlun

Fjármálastjóri kynnir milliuppgjör fyrir fyrstu níu mánuði ársins, rauntölur eru nálægt því sem áætlunin gerði ráð fyrir. Mögulegt er að fá veltufé frá rekstri miðað við þessa stöðu, rekstur skólans orðin allt önnur en hún hefur verið undanfarin ár. Fer einnig yfir rekstur deildanna fyrstu níu mánuði ársins.

Rektor fjallar um upphæð skólagjalda í grunnnámi, en samþykkt var í stjórn skólans að vinna fjárhagsáætlun miðað við þá fosendu að skólagjöld í grunnnáminu lækki í 260 þús. kr. (23 ECTS) á önn frá næsta hausti. Gert er ráð fyrir nýjum námslínunum í skólann á næsta ári svokallað fagháskólanám, þ.e. verslunarstjórnun vorið 2018 og opinber stjórnsýsla haustið 2018.

Fjármálastjóri kynnir drög að rekstraráætlun 2018. Forsendur eru að skólagjöldin verði lækkuð, en tekjur muni í raun aukast vegna nýrra nemenda. Búið er að fara ítarlega yfir starfsmannamálin og breytingar þar á, nokkur hækkun er á launaliðnum og húsnæðiskostnaði á milli ára. Gert er ráð fyrir að hægt verði að loka árinu með einhverjum afgangi.

4. Eignasala

Fjármálastjóri gerir grein fyrir að búið er að ganga frá sölu Hamragarða (þrjár hæðir og kjallarinn) og Sjónarhól. Kaupendurnir hafa áhuga á að kaupa fyrstu hæð Hamragarða. Reynt verður að selja þeim hótélreksturinn ef mögulegt er. Þetta skýrist væntanlega á næstu vikum.

5. Zenter könnun

Rektor kynnir könnun sem Zenter gerði fyrir markaðssvið skólans, úrtakið er könnunarhópur Zenter. Ýmsar spurningar um afstöðu til skólans, staðsetningar, umhverfis, námsins og hvort svarendur þekki til hans. Niðurstöðurnar eru nýttar í markaðsstarfi skólans.

6. Fagháskólanám

Rektor kynnir að nám í verslunarstjórnun hefjist um áramót og nám í opinberri stjórnsýslu sem hefst haustið 2018. Nemendur taki námið með vinnu, taka 3 námskeið (6 ECTS) á önn og taka námið á 4 önnum. Nemendur fá diplóma á háskólastigi og geta nemendur í verslunarstjórnun fengið námið metið í grunnnám í viðskiptafræði, en nemendur í opinberri stjórnsýslu fái námið metið í nám í félagsvísinda- og lagadeild og hugsanlega líka inni viðskiptafræði. Námslínurnar eru undirbúnar og unnar í samvinnu við fagfélög og mennta- og menningarmálaráðuneytið sem og HR.

7. Fjarnámsráðstefna - *Teaching in a Digital Age – Re-thinking Teaching & Learning*

Kennslustjóri kynnir samantekt frá ráðstefnu sem hún sótti í október í Toronto. Þar voru kynntar helstu nýjungar í fjarnámi, þar sem m.a. er lögð mikil áhersla á virkni nemenda, persónulegt fjarnám og góða og öflugra tækni.

8. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 17.00.

Fundarritari: Sigrún Jónsdóttir, framkvæmdastýra kennslu og þjónustu